

Opnun föstudaginn 23. júní kl 18 - 21

Kunningi minn telur sig hvergi fá betra kaffi í heiminum en í Napólí. Þess vegna ákvað hann að kaupa sér pakka af uppáhaldskaffinu þegar hann var þar á ferð og taka með sér heim. Þar sem kaffið heima varð ekki nærri jafngott, dró hann þá ályktun að gæðin væru vatninu að þakka. Í næstu ferð sótti hann sér því vatn. En sagan endurtók sig, kaffibollinn varð ekki jafngóður og við Napólíflóa. Þannig að hann skildi að bragðið væri andrúmsloftinu að þakka og að hann yrði að njóta þess á staðnum. Innsetningar Margrétar H. Blöndal eru dálítið eins og kaffibolli kunningja míns. Ekki eingöngu vegna þess að þau fá merkingu sína af þeim stað sem þau eru staðsett á og af innbyrðis samhengi sínu, heldur vegna þess að í þeim er óvissubáttur, óþekkt stærð í ætt við andrúmsloftið í Napólí, sem við getum kallað X-Factor og felst í því að ekki er fyrirfram hægt að spá fyrir um útkomuna eða flytja sýningu milli staða. Það getur líka verið erfitt að skilgreina nákvæmlega í hverju fegurð verkanna og aðdráttarafl eru fólgin, ekki ósvipað og þegar loft smýgur milli fingra eða þegar reynt er að fanga fiðrildi í lófa. Það er sjálfsagt ástæða þess að teikningum Margrétar hefur verið líkt við það að lesa ljóðabók og innsetningum hennar við tónverk, þar sem hver eining, hver skúlptúr er eins og nóta í heildarsamhenginu. Með viðkvæmnislegum teikningum sínum sem unnar eru með olífuolíu, vatnslit og blýanti - eiginlega er um að ræða margar tegundir af gagnsæi - verður til sérkennileg nánd, merkilegt trúnaðarsamband við áhorfanda. Form er hoggið til, einhver teygir sig upp og einhver tyllir sér en merkingin ræðst þó ekki eingöngu af því sem er innan rammans, heldur líka af því hvernig teikningunum er komið fyrir í rýminu. Bilið á milli teikninganna gegnir ekki ósvipuðu hlutverki og þögn í tónlist og líkt og í barokkmálverkinu leitar hreyfingin - línan eða formið - út fyrir tvívíðan vegginn, út í þrívítt rýmið, sem gerir það að verkum að frásögnin er án upphafs og endis.

Hjá Margrétu er efnisheimurinn nátengdur skynjun og snertikennd. Þótt hlutirnir sem hún velur að flytja með sér í gallerið (kannski væri réttara að segja "togar til sín") eigi sér sögulega fortíð sem tengist notagildi, þá notar Margrét þá eins og hvern annan abstrakt efnivið eða hráefni í skúlpúra sína og umbreytir þeim; sker í þá, slítur, brýtur, krumpar, snýr upp á þá, togar og teygir. Hugsanlega sjá menn glitta í eitthvað sem tengist eldhúsi, (eins og staman gúmmibút sem minnir á bleika uppþvottahanska), annað kallar fram minningar af handavinnu formæðranna (til dæmis tvinnakefli eða heklaður dúkur). En á meðan heilinn hamast við að tengja hlutina á rökrænan hátt við fyrri reynslu og þekkingu, er myndlistarmaðurinn upptekinn af því að gefa hverjum hlut nýjan persónuleika, að búa til "einstaklinga" sem eru um leið hluti af hóp og eiga í dýnamísku samtali sín á milli í rýminu. Í innsetningum Margrétar hefur oft mátt greina athyglisverðan jafnvægisleik þar sem lítill efnisbútur eða ómerkilegt plastform skorar traustan, hornréttan steinsteypumassa á hólmi, tekst á við loft, súlur, parkettgólf eða hellulagnir. Rými er aldrei hlutlaust og um leið og myndlistarmaður breytir valdahlutföllum í rýminu með því að setja kyrrt efni á hreyfingu, hleður hann það nýrri merkingu, eignar sér það. Kannski má orða það svo að skúlptúrarnir "teikni" rýmið upp á nýtt og séu því önnur birtingarmynd teikninga hennar. Nema menn vilji heldur að líkja Margrétu við abstraktmálara sem sálðrar litatónum og formum um salinn? Á ferðalagi hennar í leit að vísbendingum.

Auður Ava Ólafsdóttir

Sýningin er styrkt af Sendiráði Íslands í Þýskalandi.

Galerie Thomas Fischer

Potsdamer Str. 77-87, Haus H
10785 Berlin +49 30 74 78 03 85
mail@galeriethomasfischer.de